

16-01-81

P C R S M Ö R K

1 9 8 0

SKÝRSLA STARFSMANNA

SKÓGRÆKTAR RÍKISINS

E F N I S Y F I R L I T

Bls:

INNGANGUR.....	2
GIRDINGAR OG SAUÐFÉ.....	3
viðhald girðinga.....	3
ástand girðinga og endurbætur.....	3
sauðfé og smalanir.....	4
beitarskemmdir.....	5
girðingarefni.....	5
RÆKTUNARMÁL.....	6
grisjanir.....	6
uppgræðsla.....	6
FERDAMÁL.....	7
rukkanir.....	7
umgengni.....	7
tjaldstæði.....	8
sorp.....	8
vatnsföll.....	8
fjöldi gesta.....	9
FARARTÆKI OG HUSNADI.....	11
LOKAORD.....	11

I N N G A N G U R .

Höfuðtilgangurinn með þessari skýrslu er sá, að gefa upplýsingar um það starf sem unnið var í Þórsmörk sumarið 1980 og miðla af þeirri reynslu sem þar ávannst. Í skýrslunni er drepíð á nokkur atriði sem talið er brýnt að leyst verði í nánustu framtíð og birtar um leið tillögur þar að lútandi.

Starfsmenn Skógræktar ríkisins í Þórsmörk sumarið 1980 voru þeir Róbert Ó. G. McKee og Úlfur Óskarsson. Vinnan hófst um 10 júní og stóð óslitið fram að ágúst-lokum. Starfið fólst einkum í eftirfarandi: viðhaldi girðinga og afskiftum af sauðfé, rukkun tjaldgjálða og eftirliti með tjaldstæðum, sorptínslu og sorpeyðingu, umhirðu skóga og landvernd, og að veita ferðamönnum upplýsingar og aðstoð. Starfsemin gekk stóráfallalaust og sumarið leið án slysa og óhappa. Starfið var stundum erfitt og erilsamt, sérstaklega um helgar, en rólegir dagar inn á milli gera þessa sumardvöl í Þórsmörk að ákaflega ánægjulegu tímabili.

G I R D I N G A R
O G
S A U Ð F E

VIÐHALD GIRDINGA.

Sumarvinnan hófst með girðingarviðgerðum. Stóð sú vinna langt fram á sumar. Yfirleitt var girðingin vel á sig komin. Mest var um skemmdir í giljum og lækjarfarvegum, t.d. í Húsadal, Hamraskógum, Tindafjallagili, Rjúpnagili og Mógili. Höfðu vatnavextir annað hvort grafið undan girðingunni eða kaffært hana. Skemmdir af völdum snjóa og skriðufalla voru einkum á eftirtöldum stöðum: í Hvanngili, sunnan í Valahnúk og í Pröngárgljúfri milli Rjúpnagils og Mógils.

ÁSTAND GIRDINGA OG ENDURBÆTUR.

Nokkura meiri háttar lagfæringa á girðingunni er þörf. Á Svínatungum og vestan Tindafjallagils er girðingin orðin mjög léleg. Netið og gaddavírinn eru stökk af ryði og staurar víða ryðgaðir sundur. Brýnt er að endurgirða verstu kaflanna. Neðarlega á Svínatungunum þar sem girðingin liggur á lausum vikri þyrfti að laga girðingarstæðið. Við eystri enda fjárrennunar með Markarfljóti og Pröngá, þyrfti að endurgirða nokkra stubba á gilbrúninni sem ekki hefur verið haldið við undanfarin ár. Nokkuð ber á að þar leiti fé inngöngu í rennuna af afrétti. Í austurbrún Mógils er opin leið niður í Mógilið. Ekki er mikil umferð fjár þar um en rétt væri að girða þar fyrir.

SAUDFÉ OG SMALANIR.

Undanfarin ár hefur flokkur á vegum Skógræktarinnar dvalið í Mörkinni á vorin og séð um girðingarviðhald, en í ár sáu verðir Skógræktarinnar um það að mestu. Þessu nýja fyrirkomulagi fylgdi sá galli að verkið sóttist seint og var viðgerðum ekki lokið er bændur hófu fjárflutninga á afrétt um 20 júní. Gífurleg fjölgun varð þá á fé innan girðingar. Við eftirgreßnslan kom í ljós að fé hafði lítið nýtt sér skemmdir í girðinguunni til innkomu, heldur virðist sem meginhluta fjárins hafi viljandi verið hleypt inn. Auka þyrfti eftirlit með fjárflutningum á afrétt ef petta er raunin.

Þá 10 og 11 júlí stóð flokkur starfsmanna Skógræktarinnar af Suðurlandi að smölun á fé af Langadal, Valahnúk, Húsadal og Hamraskógum. Alls náðist um 300 fjár inn á afrétt. Fé fjölgæði fljóttlega aftur á smölunarsvæðinu en náði þó ekki jafn miklum fjölda og fyrir smölun. Tvisvar síðar um sumarið, þá 14 og 21 ágúst, voru dvalargestir F. I. virkjaðir til smölunar fjár af sama svæði. Náðust um 200 fjár út í fyrra sinnið og um 100 í hið síðara.

Á Goðalandinu var ekki margt fé í summar. Nokkrum sinnum var smalað undan Réttarfellinu og hefur líklega náðst þaðan út um 100 fjár alls. Oftast var reyndar verið að smala sama fénu út og hafði verið rekioð út nokkru áður. Sumu fé virðast engar girðingar halda.

Líklega eru síendurteknar smalanir það eina sem dugar í baráttunni við sauðkindina. Virkjun dvalargestir F.I. til smölunar gaf góða raun og standa skógarverðir í mikilli þakkarskuld við þá og skálaverði F.I., sem ætíð voru reiðubúnir til liðsinnis.

BEITARSKEMMDIR.

Þótt svo að skóglendi Merkurinnar sé í mikilli grósku og bæti stöðugt við sig, þá er það staðreynd að sauðféð er skaðvaldur sem parna veldur meiri og alvarlegri skemmdum á gróðri en við mennirnir. Sauðféð ræðst nefnilega á garðinn þar sem hann er lægstur. Mest er beitin þar sem melar og sandar eru að gróa upp og í jaðri skóganna. Sauðféð tefur því fyrir og hindrar uppgræðslu lands og útbreiðslu skóga; gerir veikan gróður veikari.

Sauðféð sækir mjög í áborið land. Reyndur félagi í F.I. hefur sagt að ekki skuli bera á gróðurrýra mela þar sem birkiplöntur eru teknar að skjóta upp kollinum. Slíkt auki beitarálagið og birkið hverfi. Nýta mætti aðdráttarafl áborins lands til að auðvelda smölun, með því t.d. að bera á Húsadal og aurinn neðan við Álfakirkju. Einnig mætti minnka ásókn fjár af afrétti með því að bera á afréttinn að bændum óspurðum.

GIRDINGAREFNI.

Viðsvegar með girðingunni er geymt girðingarefni. Hér er lauslegt yfirlit um staðsetningu og magn efnisins.

Mógil: 4 staurar, 1 rúlla gaddavír, 20 m. net.

Milli Mógils og Rjúpnagils: 3 rúllur gaddavír, 1/2 rúlla net.

Rjúpnagil: 3 staurar, 1 rúlla gaddavír, 10 m. net.

Inni á Svínatungunum þar sem griðingin tekur beygju á Rjúpnagilshryggnum eru 4 rúllur af neti.

I efri stubbnum sunnan í Valahnúknum eru 3 m. af neti. Þar vantar hinsvegar 2 staura og stagvír.

I Hvanngilsstubbunum eru netstubbar á hverjum stað.

RÆKTUNARMAÐL.GRISJANIR.

Nokkuð var unnið að grisjun í Þórmörk í sumar, bæði í barrtrjáareitunum og birkilendunum. Í Slyppugili var hreinsað frá rauðgreni ofarlega í vesturhlíðinni. Í Fremra Litlaendagili var hreinsað frá stafafurunni. Hún þrifst þarna með ágætum og mun þarfnað grisjunar í nánustu framtíð. Í Stóraenda var örlítið hreinsað frá sitkagreninu vestast í reitnum. Mikið var um köngla á greninu í sumar. Í Básum voru birkilendur grisjaðar og hafa þar nú sumstaðar skapast ágæt tjaldstæði. Nýtanlegur viður var að nokkru hirtur og fluttur á Selfoss. Áhringjatalningará birkistofnum benda til þess að skógurinn parna sé um 30-40 ára gamall. Mikil þörf er á frekari grisjun í birkilendunum í Þórmörk og á Þóralandi.

UPPGRÆDSLÁ.

Mikill hluti landsins innan girðingar er gróðurlaus að kalla. Prátt fyrir friðun á gróður afar erfitt uppdráttarþar sem jarðvegur er á hreyfingu af völdum vinds, vatns eða frosts. Sauðféð veldur einnig töfum og eyðileggingu. Hin öra útbreiðsla birkis vekur þó vonir um að unnt sé að sigrast á eyðingaröflunum, en þar sem land er með öllu ógróíð er þörf á hjálp mannsins. Áburðardreifing er fljótvirk aðferð en dýr. Í vor var dreift áburði úr flugvél á Valahnúk og Langadalsmoldir. Þar mátti sjá græn belti í sumar og þar hélt sauðfé sig mikið. Í sumar sáðu starfsmenn skógræktarinnar lúpinu til jarðvegsbóta í moldarbörð og mela við Álfakirkju, á Langadals- og Húsadalsmoldir, í Hamraskóga og á Svína-

tungur. Á nokkrum þessara staða varð vart við lúpínu-plöntur í haust.

F E R D A M Á L .

RUKKANIR.

Innheimta tjaldgjalfa er ákaflega tímafrek. Mest var að gera um helgar, en þá sem aðra daga var gengið í hvert einasta tjald eða fararstjórar hópa rukkaðir. Yfirleitt gekk innheimtan vel. Um verslunarmannahelgina var fyrirkomulagið annað, en þá sá Björgunarsveitin á Hvolsvelli um rukkunarstörf við hliðið sunnan Krossár. Gafst það fyrirkomulag vel og er þess virði að það sé reynt um aðrar stórhelgar.

UMGENGNI.

Óhætt er að segja að umgengni í þórsmörk í sumar hafi verið góð. Undantekningar eru þó til og í örfá skipti þurfti beinlinis að neyða fólk til að taka til eftir sig. Ljóst er hinsvegar að mikill meirihluti gesta kann að umgangast landið.

Stundum skeði það vegna misskilnings að fólk skildi eftir sig rusl, vandlega frá gengnu á víðavangi og ætlaðist til að það yrði hirt. Ef slíkt rusl er ekki hirt samdægurs er hætt við að svartbakur, minkur eða refur komist í það og tæti út um allt. Slíkt gerðist of oft. Fleirri dæmi eru til um það hvernig misskilningur og hugsunarleysi ferðafólks veldur óhreinkun lands. Til mikilla bóta væri ef sett yrðu upp skilti við rimlahliðið á Krossáraurum og við Húsadal með leiðbeiningum til ferðafólks og hvers er af því krafist

í sambandi við almenna umgengni, frágang tjaldstæða, eldstæða o.fl.

TJALDSTÆÐI.

A etirtöldum stöðum er ástand tjaldstæða slæmt: í Básum, Fremra Litlaendagili, Slyppugili og Langadal. Sumstaðar á þessum stöðum eru tjaldstæðin gróðurlaus vegna átroðnings.

I Húsadal og Stóraenda var aðsókn ferðamanna lítil í sumar. Tjaldstæðin þar eru því vel gróin. Ástæða er til að örfa fólk til veru á þessum stöðum, svo aðsóknina létti af öðrum svæðum. Að vísu er ástæða til að varast vaðið á Krossá yfir í Húsadal.

Til stendur að bæta ferðamannaaðstöðuna í Básum á komandi sumri, með byggingu salernishúss m.a. Samhliða því þyrfti að vinna enn frekar að fjölgun tjaldstæða þarna.

SORP.

I Pórsmörk eru 4 brennsluofnar. 1 er í Húsadal, 2 í Langadal (á vegum F.I.) og 1 í Básum. Höfðu ofnar-nir vel við að eyða því sem til féll af rusli. Það sama er ekki hægt að segja um ruslalílátin, en þau hafðist ekki við að tæma þegar mest létt.

Nokkuð er um að fólk taki með sér sitt rusl aftur til byggða. Er það vel og til eftirbreyni. Hinsvegar þyrfti að venja fólk af þeim ósið að benna rusl í eldstæðum. Af því hljótast mikil óþrif.

VATNSFÖLL.

Vatnsföll á leiðinni í Pórsmörk voru yfirleitt vatslítil í sumar og til lítilla tálma. Nokkrum sinnum

(2)

breyttu árnar um svip og verst varð Krossá um verslunar-mannahelgina. Verðir skógræktarinnar reyndu að halda í þá reglu að taka ekki ábyrgð á vöðum, heldur benda mönnum á hættur sem af akstri í vatsföllum stafa. Óvönum ökumönnum er enginn greiði gerður með því að benda þeim á góð vöð, því að vöð geta breyst á nokkrum kl.st. Einnig getur ónákvæm tilslögn valdið óhappi.


Enn er mikil um að ökumenn finni svokölluðum "mann-raunakomplex" útrás í glæfralegum akstri í ánum, þá gjarnan Ölvabir undir stýri. Menn ætla seint að læra af þeim hörmulegu slysum sem af slíku hafa hlotist. Sumarið var bles sunnarlega laust við þesskonar óhöpp.

FJÖLDI GESTA.

Starfsmenn Skógræktarinnar hugðust halda nákvæma skýrslu yfir fjölda gesta og gistenátta (fjölda gesta á nótt) í sumar, en þegar til átti að taka reyndist hún afar rýr að gæðum. Þó hefur tekist að vinna súlurit yfir fjölda gistenátta í hverri viku sumarsins (sunnud. til laugard.). Súluritið er á næstu síðu. Samanlagður fjöldi gistenátta frá 11 júní til 28 ágúst reiknast 8100 gn. Heildarfjöldi gistenátta í Pórsmörk og Goðalandi fæst með því að leggja saman upplýsingar F.I. og Skógræktarinnar. Samkvæmt tölum F.I. í fyrra, má búast við að gistenetur skiptist nokkuð jafnt á milli svæða F.I. og Skógræktarinnar.

Sílururit yfir fjölda gisti notta á hvernir vitru
sumarsins 1980, frá 11.júní til 28.ágúst.

fjöldi
gisti notta



F A R A R T Æ K I

O G

H U S N E D I

Farartæki skógarvarða í sumar var gömul Ferguson dráttarvél en hún hefur lengi þjónað Skógræktinni á Suðurlandi. Reyndist hún ótrúlega vel. Farartæki sem petta er nauðsynlegt við girðingarvinnu á vorin og rukkunarstörf allt sumarið, en æskilegt væri að tækist að útvega kraftmeira og þýðara farartæki við þessi störf, annað hvort traktor með framdrifi eða pick-up jeppa.

Hús undir starfsmenn fékkst lánað hjá Vegagerð ríkisins Hvolsvelli. Þessi litli vegavinnuskúr reyndist er á leið, heldur lítill þar sem hann var allt í senn; svefnskáli, eldhús og verkfærageymsla. Þá kom sér oft vel skilningur og velvilji starfsmanna F.I., og mun gestrisni þeirra seint gleymast. Helsti kosturinn við kofann var staðsetning hans, en frá honum var hægt að fylgjast með allri umferð um hliðið og af Álfakirkju sést vel yfir allt Krossárvæðið.

L O K A O R D

Þegar litið er til baka til liðins sumars, er efst í huga þakklæti til þeirra sem studdu okkur í starfi, og ánægja yfir að allt skyldi takast vel. Sérstaklega skal pakka yfirboðurum okkar og samstarfsmönnum hjá Skógræktinni og Sýslumannsembættinu á Hvolsvelli, að ógleymdum samstarfsmönnum okkar, þeim skálavörðum F.I. Róbert Ólafi pakka ég síðan ágætt samstarf.

Seifan: f. 121, 1981, Úlfur Óskarsson